

Stjórnarfundur Leiknar: Föstudaginn 22. september 2017

Staður: Vatnagörðum 20, Iðan Fræðslusetur

Mætt: Guðrún Vala Elísdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Púriður Sigurðardóttir, Guðrún Lárusdóttir, Ólafur Ástgeirsson, Helga Gísladóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Stjórn Leiknar starfsárið 2017-2018 er skipuð á eftirfarandi hátt.

Aðalstjórn

Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, formaður.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Mími símenntun, varaformaður

Guðrún Lárusdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands, gjaldkeri

Helgi Þ. Svavarsson, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, ritari

Púriður Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, meðstjórnandi og vefumsjón

Varamenn

Helga Gísladóttir, Fjölmennt

Ólafur Ástgeirsson, Iðunni fræðslusetri

2. Störfin framundan

Stefnt á að hafa næsta fund 17. nóvember. Stefnt er að því að halda fundinn í Borgarnesi um hádegisbil.

Einnig verða tveir fundir eftir áramót auk tölvusamskipta.

3. Hlutverk Leiknar

Formaður fór yfir hlutverk og tilgang samtakanna og hvatti stjórnarmenn að kynna sér samþykktir Leiknar.

Umræður spunnust um sýnileika samtakanna, sérstaklega innan ráðuneytisins.

Ákveðið var að hafa samband við menntamálaráðuneytið varðandi aðkomu að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Formaður sendir erindi til ráðuneytis þar að lútandi.

4. Staða fjármála

Gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála. Fram kom að eign samtakanna er um 1.3 milljónir. Ekki er æskilegt að safna miklu fjármagni inn á reikninginn. Stjórn gekk frá formsatriðum varðandi breytingar á stjórn og prókúru.

Gjaldkeri fór yfir helstu útgjaldaliði samtakanna. Fjárhagsstaðan er góð.

5. Lögheimili Leiknar

Lögheimilið er fært á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

6. Verkefni síðasta starfsárs.

Formaður sagði frá helstu verkefnum Leiknar frá síðasta ári.

Norræna flóttamannaverkefnið; ráðstefna haldin í Jönköping.

Norræna flóttamannaverkefnið sem styrkt var af Norrænu ráðherranefndinni gekk út á að finna "Best practice" verkefni í fræðslumálum fyrir flóttafólk. Illa gekk að fá upplýsingar um verkefni hjá hagsmunaaðilum í sambandi við þetta þema á Íslandi, en formaður Leiknar sá um að afla gagna héðan. Verkefni fengust frá Símei varðandi samfélagsfræðslu flóttamanna og Landnemaskólann hjá Mími. Formaður og gjaldkeri ásamt fulltrúa frá Símei sátu ráðstefnuna í Jönköping. Ennfremur sátu formaður og gjaldkeri norræna stjórnarfund í norrænu-baltic samtökunum (Nordic Baltic Network of National Adult Education).

Guðrún sagði frá heimsókn David Samuelsson, formanni sænsku systursamtaka Leiknar í Svíþjóð, nýverið í tengslum við verkefnið.

Ákveðið að skrifa um efnið blaðagrein sem Helgi og Guðrún Vala tóku að sér.

Ársfundur EAEA í Girona.

Aðalfundur EAEA (European Association for the Education of Adults) var haldinn 27.-28. júní s.l. í Girona á Spáni í samfloti með Grundtwig verðlaunahátíðinni og hinni árlegu ráðstefnu EAEA sem bar yfirskriftina „Engaging new learners“. Leikn hefur ekki í nokkur ár sent fulltrúa á þennan aðalfund en ákvað að gera það í ár. Í ferðina fóru Guðrún Vala Elísdóttir nýr formaður Leiknar og Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri Leiknar. Einnig var tíminn nýttur fyrir norræna hluta EAEA til að hittast og fara yfir sín mál. Hingað til hafa verið haldnir tveir fundir á ári þar sem norræni vængur EAEA hittist á öðrum fundinum og á hinum fundinum hafa baltnesku þjóðirnar bæst við. Í ár var ákveðið að hafa bara einn sér fund fyrir norræna partinn og var hann haldinn í Jönköping í Svíþjóð í mars 2017. Um leið var ákveðið að stefna að því að samnýta ferðir betur og halda seinni norræna fund ársins hér eftir í samfloti við aðalfund EAEA. Það er því stefnt að því að hafa norrænan fund í Svíþjóð í upphafi árs 2018 og svo annan í Eistlandi í júní 2018 þegar næsti aðalfundur EAEA verður haldinn þar.

Aðal þema ráðstefnunnar var eins og fyrr segir að velta spurningunni fyrir sér hvernig við getum náð betur til nýrra markhópa, jaðarhópa, þegar kemur að nemendum, hvernig getum við eftir nemendur námslega séð. Þegar talað er um mismunandi hópa þá var sérstaklega verið að horfa á nemendur með litla grunnfærni, innflytjendur og ungt fólk (young adults) sem hefur dottið út úr hinum hefðbundna skólakerfi. Þetta var rætt bæði með stórum erindum sem og í minni vinnuhópum. Einnig voru fluttar nokkrar raunsögur, bæði frá nemendum sem og fullorðinsfræðsluaðilum. Einn vinnuhópurinn fjallaði um norræna innflytjendaverkefnið sem styrkt var af Norrænu ráðherranefndinni og Leikn tók þátt í. Verkefnisstjóri var David Samuelsson frá sænsku fullorðinsfræðslusamtökunum. Verkefninu er formlega lokið og búið að skila af sér lokaskýrslu en í beinu og óbeinu framhaldi hafa þróast áfram ýmis verkefni og hópar.

Ávinningur þess að Leikn taki þátt í Evrópustarfi sem þessu er klárlega tengslanetið og innsýn inn í það sem er að gerast í Evrópu. Hér á landi eru allt mun smærra í sniðum og skrifstofa fullorðinsfræðsluaðila í landinu er engin á meðan félagar okkar á Norðurlöndunum reka stórar skrifstofur með 10-30 starfsmönnum.

Næsti fundur EAEA verður í lok júní Eistlandi.

Vilji er til að setja tengil inn á heimasíðu EAEA á heimasíðu Leiknar.

Stofnað hefur verið netfangið formadur@leikn.is en þangað koma póstar tengdir EAEA.

GOAL

Formaður sagði frá stöðu verkefnisins (en því er að ljúka) og frá ráðstefnu sem haldin verður 14. desember. Goal verkefnið gekk út á að finna leiðir til að nálgast verst stadda einstaklinga í ráðgjöf fullorðinsfræðslunnar og finna verkfæri sem nýtast best. Annar hluti verkefnisins var rannsóknarþáttur en samhliða ráðgjöfinni var árangur og ánægjuþáttur ráðþega kannaður. Á ráðstefnunni verða niðurstöður kynntar.

7. Nýtt verkefni

Leikn fékk beiðni um að tilnefna fulltrúa í VISKA Visual skills. Verkefnið gengur út á að draga úr ósamræmi á mati á þekkingu, menntun og hæfni innflytjenda, hælisleitenda og flóttamanna. Þetta er gert til að auka möguleika þessara hópa á að fá starf við hæfi og stytta leið þeirra að vinnumarkaðinum eða hvetja þá til þess að ljúka námi. Hægt er að fá nánari upplýsingar um verkefnið á www.viskaproject.eu.

Guðrún Vala er fulltrúi Leiknar og Helgi Þ. Svavarsson er varamaður.

8. Fjarfræðslu erindi

Eftirfarandi eru drög að fjarfræðslu erindum Leiknar haust 2017 og vor 2018

Ákveðið að reyna að fá eftirfarandi fræðsluerindi

3.10 Viska Project. Helen Williamsdóttir Gray (Guðrún Vala).

7.11 Norræna Flóttamannaverkefnið. Helgi Þ. Svavarsson.

5.12 Erindi frá Mími út frá námskeiði í upplýsingatækni á Tenerife (Anna Kristín).

Hugmyndir að öðrum erindum.

- Kennsla fatlaðra í almennri kennslu
- Erindi frá LHBÍ.
- Viska Appið - Helgi
- Rannís og kennsla á styrkumsóknir.
- Ípadar og framhaldsfræðsla
- Fjórða iðnbyltingin.

○ Netpóstur.

Stefnt er að því að senda út fréttabréf til að auka sýnileika Leiknar.

10. Heimasíða, netmál.

Leikn hefur leitað eftir tilboðum í heimasíðumálin til að lækka kostnað við heimasíðuna. Haft var samband við fyrirtækið Netvöktun.is sem bauð leikn upp á hýsingu fyrir 45.979 kr. á ári.

Ný vefsíða tilboð 125.000 krónur. Þá er innifalin hýsing í eitt ár.

Formaður fór yfir samskipti við tilboðsaðilann.

Tillaga um að fara í samstarf við Netvöktun og kaupa þessa þjónustu af þeim.

Tillagan var samþykkt einróma.

11. Önnur mál.

Rædd var sú hugmynd að stjórn Leiknar færi til Danmerkur að heimsækja VEU, Kaupmannahöfn og VUC í Haderslev, Suður Jótlandi. Markmiðið með heimsókn til VEU væri að kynna sér þá hugmyndafræði sem þar er starfað eftir. Hægt er að kynnar sér VEU á síðunni <https://www.veu-center.dk/>. Í Haderslev eru tvær nýjar byggingar, hannaðar með tilliti til þarfa fullorðinna nemenda, nýtingar tækni við nám og kennslu, umhverfismála, lífstíls og hagkvæmni í rekstri. Vefslóð VUC er: www.vucsyd.dk. Hugmyndin hlaut góðan hljómgrunn og varaformanni falið að leggja drög að slíkri ferð, kanna möguleika á heimsókn, ferðamöguleika og kostnað.

Rætt um aðila að samtökunum og að fjölga þeim frekar.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundarritari

Helgi Þ Svavarsson